Reykjavík

Frístundaheimilið Eldflaugin

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 5
- Ágúst 5
- September 5
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 6
- Apríl 6
- Maí 6
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Eldflaugarinnar auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)
Börnin á frístundaheimilinu (A-B)
Starfshættir og viðfangsefni (A-B)
Mannauður og faglegt starf (A-B)
Bjargir og skipulag (A)

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Börnin/Lýðræði og þátttaka	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Krakkaráð – Sólkerfið**
Tækifæri til umbóta	Festa það betur í sessi. Festa fundi fyrir allan veturinn.
Aðgerðir til umbóta.	Fá 1-2 starfsmenn til að halda utan um, stjórnendur með yfirumsjón.
Ábyrgð	Almennur starfsmaður og aðstoðarforstöðumaður með yfirumsjón.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept/okt út skólaárið. Stöðugt í þróun.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Fundargerðir Krakkaráðs ryndar mánaðarlega af ábyrgðarmönnum.
Viðmið um árangur.	Fundir fara fram samkvæmt dagatali. Hugmyndir frá Krakkaráði komast í framkvæmd í starfinu mánaðarlega.

Heiti aðgerðar: Starfshættir og viðfangsefni	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Dýpka málefni þemavikna í skapandi starfi.**
Tækifæri til umbóta.	Efla má dýpt í þemavikum með markvissari fræðslu og auknu spjalli við börnin um þau málefni sem þemavikur snúast um.
Aðgerðir til umbóta.	Taka 20–30 mínútur í hugarflug á starfsmannafundi fyrir hverja þemaviku. Hvetja starfsfólk til að nýta áhugamál og menntun inn í þemað. Útbúa eða endurnýta vel heppnaðar skapandi smiðjur og fræðsluefni sem dýpka

	innihald og upplifun barnanna á tilgreindum þemavikum vetrarins.
Ábyrgð	Aðstoðarforstöðumenn í samráði við forstöðumann.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Stutt rýni starfsfólks á starfsmannafundi um hvernig tókst að dýpka málefnið og virkja börnin. Hvaða smiðjur voru vel heppnaðar að mati starfsmanns. Í janúar og maí: Umræður í með Sólkerfinu (krakkaráði) um hvaða þemavikur og smiðjur veittu mesta fræðslu og ánægju.
Viðmið um árangur.	Á öllum tilgreindum þemavikum sé boðið upp á skapandi smiðjur sem dýpka þekkingu barnanna á málefninu. Börnin sýni virka þátttöku og geti miðlað af því sem þau lærðu í lok hverrar þemaviku (t.d. með sýningu á verkum eða umræðum í upphafi dags).

Heiti aðgerðar: Faglegt starf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Efla jákvæð samskipti, hvatningu og hrós í öllu starfinu.**
Tækifæri til umbóta.	Tryggja að öll samskipti starfsfólks við börn, samstarfsfólk og foreldra einkennist af umhyggju, þolinmæði og hvatningu.
Aðgerðir til umbóta.	Forstöðu- og aðstoðarforstöðumenn setja upp skýr samskiptaviðmið í öllum samskiptum við börnin, foreldra og innbyrðis á vinnustaðnum.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Umræður og rýni á starfsmannafundum mánaðarlega og rýna niðurstöður úr foreldrakönnun frá því í 2026 og aftur 2027.
Viðmið um árangur.	Starfsfólk og börn upplifi hvetjandi, umhyggjusamt og öruggt umhverfi. Samskipti einkennast af hlýju og virðingu. Aukin ánægja foreldra með upplýsingamiðlun, viðmót og samstarf í viðhorfskönnunum.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	**Skipulag síðdegishressingar og bæta fjölbreytni í hressingu. Birting matseðils fyrir vikuna/mánuðinn. Sparihressing mánaðarlega.**
Tækifæri til umbóta.	Auka fjölbreytni í síðdegishressingu barnanna, birta matseðil vikunnar með fyrirvara og bjóða upp á sparihressingu síðasta föstudag í mánuði, til að fagna afmælisbörnum mánaðarins.
Aðgerðir til umbóta.	Endurskoða og ákveða í samráð við matráð skólans hvað eigi að bjóða upp á hvern dag til að auka fjölbreytni í næringu barnanna og að ekki sé oft það sama í boði. Taka út sykur eins og hægt er, bjóða upp á sykurlausa jógúrt (AB mjólk) og sæta frekar með ávöxtum/rúsínum. Útbúa og birta matseðil vikunnar á töflu og rafrænt fyrir foreldra eigi síðar en á mánudagsmorgnum.
Ábyrgð	Aðstoðarforstöðumenn í samráði við forstöðumann.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept 2026 – maí 2027

Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Vikuleg rýni til að byrja með. Stuttar viðhorfskannanir / umræður í krakkaráði.
Viðmið um árangur.	Matseðill vikunnar er birtur og aðgengilegur foreldrum og börnum fyrir fram í hverri viku. Hressingin einkennist af meiri fjölbreytni og mánaðarleg sparihressing fest í sessi í dagskrá vetrarins.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Eldflaugin hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs síðastliðið vor fyrir framúrskarandi frístundastarf.

Í samvinnu við börnin í þriðja og fjórða bekk er unnið að þróunarverkefni sem kallast Krakkahjálparinn. Börnin tóku virkan þátt í mótun verkefnisins en helstu áherslur þess eru: **samfélagsvitund**, **samkennd**, **ábyrgð** og **lýðræði**. Eftir miklar umræður um hvað við gætum gert til að leggja okkar af mörkum í okkar nærumhverfi, var ákveðið að fara af stað með hringrásarmarkað með fatnað fyrir börnin í hverfinu. Við fórum í gegnum allan þann óskilafatnað sem safnast hafði síðastliðinn vetur og tókum allan heilan fatnað og skó til hliðar. Nú þegar allt hefur verið þvegið, hefur foreldrum verið boðið að koma með börnum sínum og grípa sér flíkur, útiföt, útiskó, vettlinga, húfur og fleira ef þau vantar og það er auðvitað velkomið að skilja eftir heilar flíkur sem nota má áfram. Börnunum þótti þetta gríðarlega spennandi og skemmtilegt og uppskera nú þegar þau sjá áhrifin sem þau geta haft á sitt nærumhverfi með því að sýna samstöðu og samkennd. Börnin hugsuðu til annarra barna sem hafa það kannski ekki svo gott, foreldra sem eiga ekki mikla peninga og hvað þetta gæti hjálpað öllum. Þetta kenndi þeim líka að við berum öll ábyrgð gagnvart samfélaginu og ekki síður umhverfinu.

Fyrir utan þróunarverkefnið er áhersla lögð á eftirfarandi:

1. Lýðræði og þátttöku (krakkaráðið *Sólkerfið*): Rödd barna fær að heyrast með virku krakkaráði þar sem börnin taka þátt í að móta dagskrá, klúbba og reglur frístundaheimilisins.

2. Fjölbreytni, gleði og vellíðan í starfi (Klúbbastarf & áhugamál): Með því að hvetja starfsfólk til að móta smiðjur út frá eigin áhugamálum, smitast áhugi og gleði til barnanna sem eykur vinnugleði og fjölbreytni í starfinu.

3. Jákvæð og uppbyggileg samskipti: Verum fyrirmyndir. Eflum jákvæð samskipti á milli alls Eldflaugarsamfélagsins þar sem börnunum er ávallt mætt með hlýju og skilningi. Eflum samskipti við foreldra.

Helstu dagsetningar

Ágúst

Ráðning nýs starfsfólks og nýrra aðstoðarforstöðumanna.

- 20. *Síðasti dagur sumarfrístundar.*
- 21. *Starfsdagur*
- 24. *Skólasetning / Starfsdagur í Eldflauginni.*
- 25. *Fyrsti dagur vetrarfrístundar fyrir fyrsta og annan bekk.*

September

Starfið hefst af fullum krafti. Í september er lögð áhersla á útiveru, hvers kyns leiki og hreyfingu. Listasmiðjustarf hefst.

- 2. *Börnum í þriðja bekk boðin hlutavistun, þrjá daga í viku.*
- 8. *Fyrsti fundur krakkaráðsins Sólkerfisins.*
- 11. *Fyrsta lengda viðvera vetrarins.*
- 15. *Börnum í þriðja bekk boðin hlutavistun 4 daga í viku.*
- 21. *Börn í þriðja bekk fá fulla vistun og fjórða bekk boðin full vistun.*

- 21. – 25. *Heilsuvika*
- *29. Fræðsla fyrir starfsfólk um líkamlegt inngrip.*

Október

- 6. *Skertur dagur í Hlíðaskóla vegna foreldraviðtala. Eldflaugin tekur fyrr á móti börnunum.*
- 6. *Samstarf um listkennslu við LHÍ hefst. Vikuleg námskeið fyrir 3. og 4. bekk í okt. og nóv.*
- 7. *Lengd viðvera vegna foreldraviðtala.*
- 12. – 16. *Vísindavika*
- 12. *Sólkerfisfundur (krakkaráð)*
- 13. *D&D klúbbur fyrir 4. bekk hefst (fer fram vikulega)*
- 14. *Foreldrakynning*
- 20. *Stuðningsfræðsla fyrir starfsfólk.*
- 22. – 26. *Haustfrí í skólanum, starfsdagar í Eldflauginni; tiltekt og horfðum á nýliðafræðslu á Torginu. Starfsfólk sótti ýmis námskeið hjá Miðstöð útivistar og útináms sem vöktu mjög mikla lukku.*

Nóvember

- *Starfsþróunarsamtöl hefjast*
- *Jólamarkaðsföndur sett í gang*
- 3. *Sólkerfisfundur (krakkaráð)*
- 13. *Hringrásarmarkaður Eldflaugarinnar*
- 16. – 20. *Réttindavika*
- 30. *Lengd viðvera*

Desember

- 7. *Sólkerfisfundur (krakkaráð)*
- 10. *Jólamarkaður Eldflaugarinnar, til styrktar SOS barnaþorpa.*
- 18. *Síðasti skóladagur fyrir jólafrí*
- 21. – 23. *Lengd viðvera*
- 28. – 30. *Lengd viðvera*

Janúar

- 4. *Fyrsti skóladagur eftir jólafrí*
- 18. – 22. *Fjölmenningarvika*

Febrúar

- 5. *Lengd viðvera*
- 15. – 19. *Miðlalæsisvika*
- 16. og 17. *Lengd viðvera*
- 22. – 23. *Vetrarfrí. Starfsdagar í Eldflauginni*

Mars

- 15. – 19. *Umhverfisvika*
- 22., 23., 24. *Lengd viðvera*
- *Páskafrí til 29. mars*

Apríl

- *Sumarstarf kynnt fyrir foreldrum. Opnað fyrir skráningu eftir miðjan mánuð.*
- 19. – 23. *Barnamenningarvika*
- 22. *Sumardagurinn fyrsti. Lokað í Eldflauginni.*
- 27. *Lengd viðvera*

Maí

- *Leikskólaheimsóknir*
- 10. – 14. *Fjölbreytileikavika*
- 13. *Uppstigningadagur. Lokað í Eldflauginni.*
- 14. *Regnbogahlaupið á Klambratúni með Draumalandi og Halastjörnunni*

- 18. *Annar í hvítasunnu Lokað í Eldflauginni.*

Júní

- 3. *Lengd viðvera*
- 10. *Skólaslit. Skipulagsdagur í Eldflauginni.*
- 11. *Skipulagsdagur í Eldflauginni.*
- 14. *Sumarstarf í Eldflauginni hefst.*

Júlí

- 2. *Síðasti dagur í sumarfrístund fyrir sumarleyfi. Sumarleyfi hefst. Opnum aftur 3. ágúst.*